

Ávarp til Íslendinga:

Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar!

Íslandsmið hafa verið sameign þjóðarinnar frá öndverðu. Á þessari öld háðu Íslendingar harða baráttu fyrir því að aðrar þjóðir viðurkenndu eignarrétt Íslendinga á miðunum. Nýting fiskimiða landsins hefur lagt drjúgan skerf að framförum og velsæld þjóðarinnar á 20. öld. Með lögunum um stjórn fiskveiða og framsali ríkisvaldsins á sameign þjóðarinnar til einstakra manna og félaga, án þess að gjald komi fyrir, er brotið gegn eignarrétti þjóðarinnar, - horfið frá leikreglum lýðræðis og jafnréttis.

Fiskimiðin eru í raun að hverfa úr eign íslensks almennings til kvótaeigenda þrátt fyrir þau ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign þjóðarinnar og að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögunum myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Þetta samræmist ekki hagsmunum og réttlætiskennd þjóðarinnar né hefð í nýtingu fiskimiðanna.

Sjálfstæðisbarátta 19du aldar og sóknin til lýðveldis á fyrri hluta 20stu aldar var ekki aðeins háð til að losna undan erlendri áþján heldur einnig til þess að losna undan sérdrægu forréttindakerfi fyrri alda. Frelsi, réttlæti og jafnrétti allra til atvinnu, búsetu, menntunar og velsældar hafa verið hornsteinar íslensks samfélags. Með lögunum um stjórn fiskveiða er þeim hróflað en höft, forréttindi, ójöfnuður og ranglæti sett í staðinn. Íslendingar geta aldrei unað slíku til langframa.

Við, sem setjum nöfn okkar hér undir, skorum á alla Íslendinga, hvar í flokki sem þeir standa, að taka saman höndum með okkur í samtökum til að tryggja að þjóðin öll njóti réttláts arðs af sameign sinni - Íslandsmiðum. Þetta verða samtök sjálfstæðra Íslendinga sem una ekki óréttlætinu lengur, - **Samtök um þjóðareign.**

Ágúst Einarsson, Reykjavík, alþingismaður

Arnbjörn Gunnarsson, Grindavík, skipstjóri

Árni Jónasson, Garði, skipstjóri

Bárður G. Halldórsson, Bessastaðahreppi, menntaskólakennari

Bjarni Arason, Hafnarfirði, hljómlistamaður

Bjarni Bragi Jónsson, Reykjavík, hagfræðingur

Bjarni Finnsson, Reykjavík, kaupmaður

Flosi Ólafsson, Reykholtisdal, leikari

Grétar Mar Jónsson, Sandgerði, form. Skipstjóra og stýrimannafél. Vísis

Guðmundur Erlendsson, Höfn, stýrimaður

Guðmundur Kristjánsson, Ólafsvík, skipstjóri

Guðmundur Ólafsson, Reykjavík, hagfræðingur

Gylfi Þ. Gíslason, Reykjavík, fyrrv. ráðherra

Halldór Bjarnason, Mosfellsbæ, framkvæmdastjóri

Halldór Hermannsson, Ísafirði, skipstjóri

Haraldur Sumarliðason, Reykjavík, formaður Samtaka iðnaðarins

Hólmur Víðir Gunnarsson, Þorlákshöfn, skipstjóri

Ingólfur Karlsson, Grindavík, skipstjóri

Jón Arason, Þorlákshöfn, skipstjóri

Jón Ásbjörnsson, Reykjavík, fiskútflytjandi

Jón Sigurðsson, Reykjavík, fyrrv. framkvstj Ísl. járnblendifélagsins

Jónas Árnason, Reykholtaldal, rithöfundur, fyrrv. alþingismaður

Karvel Pálmason, Bolungavík, fyrrv. alþingismaður

Kolbrún Halldórsdóttir, Ísafirði, bæjarfulltrúi

Kristinn Arnberg, Grindavík, skipstjóri

Kristján Kristjánsson, Akureyri, heimspekingur

Lúðvík Emil Kaaber, Reykjavík, lögfræðingur

Markús Möller, Reykjavík, hagfræðingur

Matthías Bjarnason, Reykjavík, fyrrv. ráðherra

Njörður P. Njarðvík, Reykjavík, prófessor

Ólafur Hannibalsson, Reykjavík, blaðamaður

Pétur Sigurðsson, Ísafirði, forseti Alþýðusamband Vestfjarða

Sigríður Þorgeirsdóttir, Reykjavík, heimsspekingur

Sigurður R. Ólafsson, Ísafirði, formaður Sjómannafélags Ísfirðinga

Sigurður T. Sigurðsson, Hafnarfirði, formaður Verkmannafélagsins Hlífar

Stefán Erlendsson, Hveragerði, stjórn málafræðingur

Steingrímur Hermannsson, Garðabæ, seðlabankastjóri

Sveinn Tryggvason, Kópavogi, fiskverkandi

Valdimar Jóhannesson, Mosfellsbæ, framkvæmdastjóri

Vilhjálmur Árnason, Reykjavík, heimsspekingur

Þórarinn Eldjárn, Reykjavík, rithöfundur

Þórir Sigurðsson, Akureyri, kennari við sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri

Þórólfur Matthíasson, Reykjavík, hagfræðingur

Þorsteinn Gylfason, Reykjavík, prófessor

Þorsteinn Jóhannesson, Ísafirði, yfirlæknir

Þorvaldur Elbergsson, Grundarfirði, skipstjóri

Þorvaldur Gylfason, Reykjavík, prófessor

Stofnfundur Samataka um þjóðareign verður haldinn á Grand Hótel við Sigtún í kvöld, miðvikudaginn 8. október 1997 og hefst kl 20.30. Þangað eru allir velkomnir sem taka undir markmið samtakanna. Þeir, sem vilja gerast félagar, geta komið þangað eða hringt í Gulu línuna, síma 580 8000.

Til baka